


FÓÐURHÚS




EFNI

- ☐ band
- ☐ naglar
- ☐ olía / viðarvörn
- ☐ skráfur
- ☐ trusting / díll
- ☐ viðarlengjur (9&12cm)

VERKFÆRI

- ☐ bakkasög
- ☐ bor & borvél
- ☐ brennipenni
- ☐ laufsög
- ☐ reglustika/tommustokkur
- ☐ sandpappír
- ☐ skráfjárn
- ☐ vinkill



1

VERKLÝSING

- Fáðu viðarlengjur hjá kennara, í tveimur mismunandi breiddum.
- Taktu breiðari lengjuna og mældu 18 cm og 20 cm.
- Nú tekurðu mjórri lengjuna og mælir 14 cm og 16 cm.
- Notaðu vinkil til að strika beina línu þvert yfir viðinn þar sem mælingarnar eru. Þannig verður hún hornrétt (90°).

2

- Festu bakkann við hefilbekk.
- Nú festir þú viðarlengjuna í bakkann og sagar með bakkasöginni eftir línunum sem þú merktir.
- Pússaðu brúnirnar á með sandpappír.
- Byrjaðu á grófum pappír númer 60, næst notar þú 150 og 240.

3

VERKLÝSING

- Til að útbúa botninn tekur þú 14cm og 16cm stykkinn sem er búið að saga niður úr mjórri efninu.
- Mældu fyrir tveimur skrúfum.
- Boraðu göt með 2,5mm bor.
- Festu í hefilbekkinn og skrúfaðu saman
- Stærð á skrúfum 3,0 x 40 skrúfum.

4

- Fyrir þakið, tekurðu 18cm og 20cm löngu stykkinn sem eru úr breiða efninu.
- Mældu og merktu fyrir skrúfum eins og þú gerðir fyrir botninn.
- Boraðu göt með 2,5mm bor.
- Festu í hefilbekkinn og skrúfaðu saman
- Stærð á skrúfum 3,0 x 40 skrúfum.


5

VERKLÝSING

- Leggðu botn og þak saman og merktu fyrir skrúfum.
- Boraðu göt með sömu þykkt/stærð af bor, 2,5mm bor.
- Skrúfaðu botn og hliðar saman
- með 3,0 x 40 skrúfum.
- Skrúfaðu þakið á.

6


- Hliðar á húsið eru útbúnar úr 6 mm þykkum krossviði.
- Sagaðu út fering sem er um það bil 12x12cm.
- Strikaðu milli tveggja horna á feringnum, þannig að hann skiptisti í tvo þríhyrninga.
- Sagaðu nú eftir línunni með laufsög.
- Pússaðu báða þríhyrningana með sandpappír.
- Byrjaðu á sandpappír no. 60 og svo 150



7

VERKLÝSING

- Nelgdu nú þríhyrningana fasta við botninn með fínlegum listanöglum.
- Ef þú ætlar að hafa fuglaprik (dílaefni) þá þarftu að bora gat sem er jafn sver og dílinn.



8

- Skreyttu með brennipenna ef þú vilt.
- Berðu olíu eða fúavörn á fuglafóðurhúsið.



9

- Settu band undir þakið í þeirri lengd sem þú heldur að passi best.
- Þú getur einnig hannað eigin útfærslu á því hvernig þú telur best að hengja húsið upp.

